# Símafundur landbúnaðarnefndar Langanesbyggðar haldinn 26. júní 2013 kl 20:00.

**Mættir:** Ævar Rafn Marinósson formaður, Hafliði Jónsson, Kristján Indriðason, Jónas Lárusson og Sigríður Gamalíelsdóttir sem ritaði fundargerð.

Ævar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhver gerði athugasemd við fundarboð og svo var ekki.

**Dagskrá fundarins:**

1. Styrkur til samgönguleiða (styrkvega)
   Þann 3. júní sl óskaði sveitarstjóri Langannesbyggðar eftir tillögu landbúnaðarnefndar Langanesbyggðar um í hvaða vegaframkvæmdir nefndin teldi að ætti að nýta þann styrk sem fékkst úthlutað vegna styrkvega, alls 2,5 milljónir. Ítrekun á svari var send landbúnaðarnefnd eftir sveitarstjórnarfund þann 13. júní sl.
   Landbúnaðarnefnd hafði ekki tök á því að funda fyrr vegna málsins sökum voranna.
   Landbúnaðarnefnd fór yfir málið. Hún telur mikilvægt að nýta þennan styrk í eina vegaframkvæmd og telur skynsamlegt að nýta hann í vegaframkvæmdir á Útnesi.
   Þá telur landbúnaðarnefndin að það eigi að horfa til þessa að samsvarandi styrkur verði nýttur í vegaframkvæmdir fyrir austan Brekknaheiði á næsta ári.

   Fleira ekki gert
   Fundargerð upplesin og samþykkt

   Fundi slitið 20:40